

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 31. mars 2017.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir, varamaður, Svandís Ingimundardóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 9:30. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

a) Gengið frá úthlutun

Vinna við yfirferð umsókna var kláruð og gengið frá úthlutunarupphæð, 61.555.000.milljónir kr.

Umræða var tekin um vinnuna og hvernig hefði gengið.

b) Ráðstefna um skólaþróun

Aðalheiður leggur til að haldin yrði ráðstefna um skólaþróun áður en stjórn líkur skipunartímabili sínu. Ræða um þau flottu verkefni sem hafa hlotið styrk. Hvernig eru aðstæður, þátttaka, sérfræðipækning til að vinna slík verkefni. Hvernig eru aðstæðurnar í skólum til að vinna slík verkefni. Hvað er gert til að leggja mat á þetta. Hvernig er þátttakan, hvernig gengur innleiðing. Er eitthvað gert til að breiða þetta út.

Ræða samspil starfsþróunar kennara og þróunarstarfs.

Síðasta ráðstefna sem haldin var um þróunarverkefni var haldin af 2012 af samtökum áhugafólks um skólaþróun og þá var talað um að halda aðra slíka ráðstefnu eftir ákveðin tíma. Síðast voru valin 3-4 fyrirmyndaverkefni og búnar til nokkrar málstofur þar sem ákveðin verkefni voru rædd.

Sigurjón segir að sjóðurinn verði að sækja um styrk til ráðuneytisins til að halda slíka ráðstefnu og þreifa fyrir sér eftir samvinnu og fjármagni til þeirra sem koma að borðinu, s.s sveitarfélögin, félagasamtök og fl. aðila.

Mikilvægt að draga fram að Sprotasjóður er að styðja við stefnumótun í skólamálum hverju sinni.

Svandís vill að það séu teknar saman myndrænar upplýsingar um tölfræði sjóðsins. Fara yfir tilgang sjóðsins.

Björk stingur upp á að þetta verði unnið með samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Stjórn vill fara í þessa vinnu en þarf stuðning úr ráðuneyti og frá faghópum.

Í næstu ársskýrslu yrði einnig samantek frá stjórn þar sem farið yrði yfir skipunartímabil stjórnar.

Taka saman hvað sjóðurinn hefur verið að gera og fara með það út til félaga og faghópa og ræða hvernig væri hægt að vinna þetta og í samstarfi við hverja. Næsta skref að stjórn sjóðsins munu ræða við félög og faghópa sem koma að starfsþróun og skólaþróun.

Fundi slitið kl.12